






Húskarlavígin 26-45 kafli

HELSTU SÖGUPERSÓNUR:

				
Gunnar Bardagakappi	Njáll Vitur, skegglaus	Hallgerður Skapstór, kona Gunnars	Bergþóra Kona Njáls	Húskarl Margir húskarl sem drepa og eru drepnir

ÞAÐ SEM GERIST:

Það er veisla á Bergþórshvoli. Hallgerður situr á besta stað en Bergþóra skipar henni að færa sig fyrir tengdadóttur sinni (=segir að Hallgerður sé ófínni en tengdadóttirin). Hallgerður verður mjög reið. Hallgerður og Bergþóra rífast (sjá fræg ummæli). Gunnar og Njáll hittast ekki þennan vetur en um sumarið vill Gunnar fara á Alþingi. Njáll fer líka og skilja þeir konur sínar eftir. Byrja nú mikil vandræði.

Njáll og Gunnar samnýta skóg í Rauðaskriðum (=báðir höggva tré úr skóginum). Bergþóra sendir húskarl að höggva skóg. Hallgerður fær húskarl sinn til að drepa hann. Bæta þarf þarf öll mannvíg með peningum eða hefnd. Þegar Gunnar fréttir af þessu segir hann Njáli að Njáll megi ákveða hvað Gunnar borgi honum mikið (=sjálfðæmi) Njáll segir að Gunnar eigi að borga 12 aura silfur.

Næsta sumar fær Bergþóra fær húskarl sinn til að drepa þann sem drap húskarl hennar (=hefna). Njáll gefur Gunnari sjálfðæmi og Gunnar greiðir Njáli 12 aura silfurs fyrir hann (sömu peninga og Njáll hafði gefið honum)

Næsta sumar fær Hallgerður frænda sinni til að drepa þann sem Bergþóra sendi til að drepa mann hennar. Gunnar greiðir 100 aura silfurs fyrir hann.

Næsta sumar fær Bergþóra vinnumann sem hafði fóstarað syni hennar til að drepa frænda Hallgerðar. Njáll greiðir 100 aura silfurs fyrir hann.

Næsta sumar fær Hallgerður menn til að drepa vinnumanninn sem hafði fóstarað syni Bergþóru. Gunnar greiðir 200 aura silfurs fyrir hann.

Mannvíginn magnast ætíð, fyrstu eru sendir menn taldir eru lítils virði en eftir því sem á líður eru merkilegri menn sendir og bætur verða hærri. Gunnar og Njáll leysa málin alltaf í bróðerni. Ætíð er boðið sjálfðæmi og sömu bætur greiddar til baka.

Þar sem fóstri sona Bergþóru hefur verið drepin er það sona hennar og Njáls að hefna hans. Förukonur (=konur sem búa hvergi en flakka á milli bæja, vinna smáverk og flytja fréttir og slúður á milli) eru hjá Hallgerði á Hlíðarenda og fara svo til Bergþóru á Bergþórshvoli og segja að það sé gert grín að Njáli og sonum hans á Hlíðarenda. Bergþóra verður mjög reið og hvetur syni sína til hefnda fyrir fóstara þeirra. Þeir eru fyrst tregir til en fara út um nóttina og segja Njáli að þeir ætli að leita að kindum. Þeir drepa þá sem dápu fóstara þeirra. Það dráp er ekki bætt í 3 ár (Njáll og Gunnar vilja ekki vesen) en að lokum er málið leyst með 200 aorum silfurs. Njáll og Gunnar eru alltaf vinir.

Húskarlavígin 26-45 kafli

AF HVERJU SKIPTIR ÞESSI SAGA MÁLI:

- 1) Þessi saga sýnir skaplyndi Hallgerðar og Bergþóru, báðar harðákveðnar konur og hversu góð og traust vinátta Gunnars og Njáls er

FRÆG UMMÆLI ÚR KÖFLUNUM:



„Hvergi mun eg þoka því að engi hornkerling vil eg vera.“ Hallgerður er fín með sig og vill ekki sitja út í horni eins og betlarakona

Hallgerður við Bergþóru: „Ekki er þó kosta munur með ykkur Njáli. Þú hefir kartnagl á hverjum fingri en hann er skegglaus.“ Hallgerður er að segja að Njáll sé kerling og Bergþóra sé ókvennleg.

„Tröll hafi þína vini.“ Hallgerður segir þetta við Gunnar og er í rauninni að segja að Njáll, Bergþóra og synir Njáls geti farið til fjandans.

Rannveig móðir Gunnars: „Skamma stund verður hönd höggi fegin.“ Það þýðir að maður gleðst aðeins stutt yfir því að drepa mann. Það verða vandræði af slíku.



"Leita sauða þinna." Skarphéðinn lýgur því að Njáli að þeir ætli að fara að leita kindum þegar þeir ætla að fara hefna í húskarlavígunum. Lýgin sem Skarphéðinn segir er ekki einu sinni sennileg.

"Ekki höfum vér kvenna skap að vér reiðumst við öllu." Skarphéðinn segir þetta við Bergþóru, móður sína. Skarphéðinn vill ekki ana út í hefndir